

Ed. 459. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannast við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta felur í sér, að ákvæði laganna skuli breytt þannig að þau taki einnig til annarra efna en þeirra, sem afleidd eru af morfíni eða kókaíni, en sannast hefur að misnota megi á líkan hátt.

Á síðari árum hefur í mörgum nágrennalöndum mjög aukizt notkun ýmissa efna, svo sem kannabis (marihuana), lýsergíðs (L. S. D.), meskalíns (peyote) og psílócýbíns, er ekki verða talin til lyfja, en valdið geta ávana og jafnvel fíkn líkt og þekkist eftir notkun morfíns og kókaíns. Misnotkun þessara efna mun að visu enn nokkuð óþekkt hér á landi, en mestu skiptir að gera megi sérhverjar tiltækar ráðstafanir til varnar því að svo verði og er það tilgangur þessa frumvarps.